



275. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, mánudaginn 1. apríl 2019 kl. 16:00.

Mættir: Lárus L. Blöndal forseti, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Hafsteinn Pálsson ritari, Ása Ólafsdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson, Viðar Garðarsson, Þórey Edda Elísdóttir, Þráinn Hafsteinsson, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Garðar Svansson og Jón Finnbogason.

Forseti setti fund og stýrði honum.

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur ÍSÍ – skýrsla endurskoðanda

Forseti bauð Tryggva E. Geirsson endurskoðanda og Steinunni Önnu Í. Tómasdóttur gjaldkera velkomna á fundinn og gaf Gunnari Bragasyni gjaldkera stjórnar orðið.

Gunnar fór yfir ársreikning sambandsins sem skoðunarmenn hafa undirritað. Reksturinn gekk vel og er í góðu jafnvægi. Gunnar fór einnig yfir rekstur sjóða og skýringar.

Tryggvi endurskoðandi fór yfir skýrslu endurskoðanda sem er með fullri áritun endurskoðanda og kjörinna skoðunarmanna. Hann skýrði helstu atriði skýrslunnar og þær ábendingar sem þar koma fram. Tryggvi kvaðst ánægður með rekstur sambandsins í heild og samstarfið við stjórn og starfsfólk ÍSÍ.

Forseti og fundarmenn þökkðu Tryggva fyrir vel unnið starf við endurskoðunina. Tryggvi og Steinunn Anna viku af fundi.

Tillaga um að ÍSÍ leggi til 10 milljón króna í Viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ var send framkvæmdastjórn með tölvupósti 28. mars sl. og samþykkt samhljóða. Tekið er tillit til þessarar samþykktar í ársreikningi ÍSÍ 2018.

Ársreikningur 2018 samþykktur til áritunar forseta, gjaldkera og framkvæmdastjóra ÍSÍ.

2. Íþróttáþing ÍSÍ

Farið yfir drög að tillögum til þings og tillögur til breytinga á lögum ÍSÍ. Umræður urðu um framkomnar tillögur og möguleg önnur umfjöllunarefni á þinginu. Farið yfir fyrirkomulag þings, framboð og önnur atriði er tengjast undirbúningi fyrir þing.

Gunnar Bragason fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir næsta kjörtímabil. Árin 2019 og 2020 verða afar kostnaðarsöm, ekki síst vegna Smáþjóðaleika í Svartfjallalandi og Ólympíuleika í Tókýó. Ljóst er að til að ná endum saman verður að gæta aðhalds og endurskoða verkefnastöðu. Tillagan samþykkt.

3. Ólympísk málefni

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir það helsta í undirbúningi ólympískra verkefna og helstu verkefni á sviðinu. Nýverið var haldið málþing með sérsamböndum ÍSÍ um afreksmál og tókst það vel.

Boðssæti í hjólríðum á Evrópuleikunum í Minsk í sumar var afþakkað í samráði við Hjólríðasamband Íslands.

Lögð fram tillaga Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ um Andra Stefánsson sem aðalfararstjóra á Ólympíuleikunum í Tókýó. Tillagan samþykkt samhljóða.

Lögð fram tillaga Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ um Kristínu Valdísi Örnólfsdóttur sem Young Ambassador á Vetrarólympíuleikum ungmenna í Lausanne 2020. Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Fagsvið ÍSÍ

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á sviðinu. Þann 19. mars var Ungmennasambandi Skagafjarðar afhent viðurkenningin Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og er þar með 2. Íþróttahéraðið sem hlýtur þá viðurkenningu. Nemi í frístundafræðum í Háskóla Íslands hefur verið í vettvangsnámi hjá ÍSÍ undanfarnar vikur og hefur hann unnið ýmis verkefni á skrifstofu ÍSÍ, meðal annars á Þróunar- og fræðslusviði ÍSÍ.

Hafsteinn Pálsson fór yfir helstu verkefni Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ. Undirbúningur fyrir Hjólað í vinnuna og Sjóvá-Kvennahlaup ÍSÍ er í fullum gangi. ÍSÍ hefur fengið góðan styrk frá Ólympíusamhjálpinni til vinnslu heimildarmyndar í tengslum við 30 ára afmæli Kvennahlaupsins og er sú vinna hafin.

Lögð fram ósk Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ um heimild til að sækja um leyfi til European Commission til að fá að standa fyrir #Beactive deginum í byrjun september í stað 23.-30. september, sem er útgefið tímabil Íþróttaviku Evrópu. Með því er auðveldara að tengja Hjólað í skólann og Göngum í skólann verkefnin við Íþróttavikuna og eins eru meiri líkur á hlýrra veðri fyrir viðburði tengdum verkefninu. Samþykkt að heimila sviðinu að sækja um breytinguna.

5. Starfsmannamál

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að búið væri að breyta í skipulagi á skrifstofu.

Nú skipa framkvæmdastjóri, sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ og skrifstofustjóri ÍSÍ þriggja manna framkvæmdateymi skrifstofu. Sviðsstjóri Afreks- og Ólympíusviðs verður staðgengill framkvæmdastjóra út á við í fjarveru framkvæmdastjóra og mun hafa umsjón með ákveðnum verkefnum sem framkvæmdastjóri hefur sinnt.

Einnig skýrði framkvæmdastjóri frá því að Kristín Birna Ólafsdóttir verkefnastjóri Almenningsíþróttasviðs muni fara í barneignarfrí í júlímánuði nk. Búið er að ráða Lindu Laufdal, móttökuritari ÍSÍ, sem staðgengil Kristínar á meðan hún er í leyfi. Ráða þarf starfsmann í stað Lindu í móttöku.

6. Ferðasjóður íþróttafélaga

Styrkir úr Ferðasjóði íþróttafélaga voru greiddir út til umsækjenda 14. mars sl. skv. úthlutun sem framkvæmdastjórn staðfesti með tölvupósti 21. febrúar sl. og staðfesti síðan á fundi stjórnar 12. mars sl.

7. Breytingar á lögum KSÍ

Forseti fór yfir feril málsins.

Framkvæmdastjórn fól forseta og Ásu Ólafsdóttur, á fundi stjórnarinnar 12. mars sl. að skoða nánar breytingu á grein 14.2 í lögum KSÍ og senda stjórn niðurstöður þeirrar skoðunar og rökstuðning á milli funda.

Bréf var sent til KSÍ 26. mars sl. þar sem skýrt var frá því að ÍSÍ staðfesti lög KSÍ að undanskilinni breytingu á grein 14.2 í lögum sambandsins. Óskað var eftir frekari skýringum frá KSÍ varðandi grein 14.2. Þannig að hægt verði að leggja mat á það hvort og þá hvernig hún fær staðist lög og reglur íþróttahreyfingarinnar.

8. Áskorun frá ársþingi KKÍ

Eftirfarandi áskorun frá ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands kynnt:

„Körfuknattleiksþing 2019 lýsir yfir þungum áhyggjum af aðstöðuleysi landsliða í körfuknattleik. Öllum landsliðum KKÍ, jafnt yngri landsliðum sem A-landsliðum, vantar varanlegt heimili til æfinga og keppni. Fullyrða má að aðstöðuleysið sé farið að hamla eðlilegri framþróun í afreksstarfi hreyfingarinnar.

Körfuknattleiksþing hvetur stjórnir KKÍ og Íþróttá- og Ólympíusambandsins (ÍSÍ), sem regnhlífarsamtök hreyfingarinnar, til að taka höndum saman við aðrar íþróttagreinar, sem svipað er ástatt um, með það fyrir augum að hefja tafarlaugar viðræður við ríkisvaldið um varanlega lausn.“

Forseti skýrði frá fundi sem hann og framkvæmdastjóri áttu með fulltrúum Reykjavíkurborgar um skipulagsmál í Laugardalnum, þ.á.m. uppbyggingu íþróttamannvirkja sem gætu þjónað sem þjóðarleikvangar fyrir ólíkar íþróttagreinar.

Framkvæmdastjóra falið að óska eftir fundi með ráðuneyti og borgaryfirvöldum vegna málsins.

9. Persónuverndarstefna ÍSÍ

Persónuverndarstefna ÍSÍ lögð fram og samþykkt samhljóða. Stefnan verður birt á heimasíðu ÍSÍ, kynnt með frétt á heimasíðu ÍSÍ og send til sambandsaðila ÍSÍ til upplýsingar.

10. Hegðunarviðmið ÍSÍ

Hegðunarviðmið ÍSÍ lögð fram og samþykkt samhljóða. Hegðunarviðmiðin eru stuðningsskjal við siðareglur ÍSÍ, til leiðbeiningar fyrir alla aðila innan íþróttahreyfingarinnar.

Hegðunarviðmiðin eru fjórskipt;

- Fyrir þjálfara
- Fyrir iðkendur
- Fyrir starfsmenn og stjórnarfolk
- Fyrir foreldra og forsjáaraðila.

Í hegðunarviðmiðum fyrir þjálfara er gert ráð fyrir þeim möguleika að félag geti látið þjálfara staðfesta að hann hafi kynnt sér viðmiðin og muni vinna eftir þeim.

Siðareglurnar og hegðunarviðmiðin verða þýdd á ensku og verða einnig kynnt á miðlum ÍSÍ og send til sambandsaðila til upplýsingar.

11. Heiðranir

Eftirtaldar heiðranir samþykktar samhljóða:

HSÍ:

Gullmerki ÍSÍ - Þorbergur Aðalsteinsson og Gunnar K. Gunnarsson

ÍA:

Gullmerki ÍSÍ - Eydís Líndal Finnbogadóttir, Trausti Gylfason og Sigurður Arnar Sigurðsson.

Silfurmerki ÍSÍ - Helga Sjöfn Jóhannesdóttir

ÍBH:

Heiðurskross ÍSÍ - Jón Gestur Viggósson

UÍA:

Gullmerki ÍSÍ - Björn Hafþór Guðmundsson

Silfurmerki ÍSÍ - Hlíf Bryndís Herbjörnsdóttir

Eftirfarandi heiðursveiting staðfest með tölvupósti:

USÚ:

Silfurmerki ÍSÍ - Hjálmar Jens Sigurðsson

12. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og staðfestar:

- 274. fundur framkvæmdastjórnar
- 5. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- Fundur Afrekssjóðs ÍSÍ og Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ
- Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 29. mars 2019

13. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði sem framundan eru og til lengri tíma litið.

14. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næsti fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ verður haldinn 1. maí nk. kl. 16:00.

15. Önnur mál

Tilnefning í lyfjaeftirlitsnefnd Lyfjaeftirlits Íslands (LÍ)

ÍSÍ hefur það hlutverk að tilnefna þrjá einstaklinga í lyfjaeftirlitsnefnd LÍ. Samþykkt að tilnefna Pétur Sigurð Gunnarsson og Árna Magnússon í lyfjaeftirlitsnefnd LÍ.

Rafleikir

Rætt um rafleiki og yfirlýsta fyrirætlan íþróttafélaga innan ÍBR um að stofna deildir um rafleiki. Rafleikir eru ekki viðurkenndir sem íþrótt af Alþjóðaólympíunefndinni og systursamtökum ÍSÍ á Norðurlöndum.

Samþykkt að skipa vinnuhóp til að skoða nánar stöðu rafleikja á Norðurlöndunum og stöðu rafleikja innan Alþjóðaólympíunefndarinnar og annarra íþróttasamtaka sem ÍSÍ á aðild að. Samþykkt að Þráinn Hafsteinsson stýri vinnuhópnum en áætlað er að fullskipa hópinn á næsta fundi framkvæmdastjórnar.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari